

Á aðalfundi Félags leiðsögumanna með hreindýraveiðum þann 25. febrúar síðastliðinn veitti hornamælinganefnd félagsins í fyrsta sinn verðlaun fyrir mældar hreindýrskrúnur. Nefndin hefur starfað í þrjú ár og á þeim tíma mælt mikið af krúnum bæði af törfum sem veiddir hafa verið á þeim tíma og líka eldri krúnur. Það var nauðsynlegt til þess að nefndin gæti ákveðið lágmark sem hún hefur nú sett varðandi verðlaunaflokkana. Til að fá gullverðlaun þarf krúna að ná 350" í mælingu og til að fá silfur verðlaun þarf krúna að ná 340". Nái krúnur þessum lágmarkum fær eigandinn gull eða silfur skreytt viðurkenningarskjal og verðlaunapening félagsins. Aðrar krúnur sem mældar eru af nefndinni fá viðurkenningarskjal og eru skráðar í metabókina ásamt verðlaunakrúnunum. Það var Stefán Geir Stefánsson sem átti stærstu krúnuna fyrir þetta tímabil og fékk hann veglegan verðlaunagrip sem unninn var í Álfasteini á Borgarfirði, viðurkenningarskjal og gullverðlaunapening félagsins og gjafabréf frá Veiðiflugunni á Reyðarfirði . Auk þess gáfu veiðibúðirnar Hlað og Vesturröst veglega vinninga og voru þeir Kristinn T Gunnarsson og Hjálmar Hafsteinsson þeir heppnu, en dregið var úr hópi krúnueigenda. Hornamælingar á íslenskum hreindýrum eru að stíga sín fyrstu skref en undirtektir og áhugi er mikill fyrir þeim og ljóst er að þær munu halda áfram á komandi árum og þá mun listinn yfir stærstu krúnurnar brátt verða að bók líkt og er í löndunum í kringum okkur. Ef veiðimenn hafa áhuga á að láta mæla fyrir sig krúnur, eru leiðsögumenn í F.L.H. færir um það og geta sagt veiðimönnum nokkurn veginn hvað krúnan kemur til með að mælast. Vilji menn koma sinni krúnu á listann (í bókina ) þarf krúnan að berast hornamælingnefndinni. Nefndin mælir krúnuna eftir að hún hefur verið þurrkuð í átta vikur og koma að lágmarki þrír nefndarmenn að mælingunni og þannig fæst hlutlaus mæling á sérhverri krúnu. Listi yfir stærstu krúnur sem mældar hafa verið er hér á síðunni auk þess eru myndir af mældum krúnum og mælingablað. Allar nánari upplýsingar veitir hornamælinganefndin en hana skipa :

Albert Jensson s: 8934013

Reimar Ásgeirsson s: 8918878

Skarphéðinn G. Þórisson s: 8626774